

STARFSSKÝRSLA 2007
SKÝRSLA BREIÐAFJARÐARNEFNDAR
TIL UMHVERFISRÁÐHERRA
FEBRÚAR 2008



Mynd: Róbert Arnar Stefánsson

Dímonarklakkar í mynni Hvammsfjarðar á Breiðafirði

Inngangur

Breiðafjarðarnefnd starfar í samræmi við lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar, en tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðherra til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd laga um vernd Breiðafjarðar. Nefndin skal skv. 4. gr. laganna gefa umhverfisráðherra árlega skýrslu um störf sín, en á þessu starfsári nefndarinnar tók Þórunn Sveinbjarnardóttir við ráðherraembættinu þann 24. maí 2007.

Þegar lög nr. 90/2002 um Umhverfisstofnun tóku gildi 1. janúar 2003, breyttust lög um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995 á þann veg að Umhverfisstofnun tók yfir hlutverk Náttúruverndar ríkisins samkvæmt 4. gr. laganna og um leið stjórnarsýsluverkefni Breiðafjarðarnefndar samkvæmt 2. og 3. mgr. 6. greinar laganna.

Aðsetur Breiðafjarðarnefndar

Skrifstofa Breiðafjarðarnefndar er samkvæmt ákvörðun umhverfisráðherra vistuð hjá Náttúrustofu Vesturlands, Hafnargötu 3, í Stykkishólmi og hefur svo verið frá árinu 2001.

Skipan Breiðafjarðarnefndar

Umhverfisráðherra, sem fer með stjórn mála er varðar vernd Breiðafjarðar, skipar Breiðafjarðarnefnd til fjögurra ára í senn. Breiðafjarðarnefnd er nú skipuð eftirtöldum fulltrúum samkvæmt skipunarbréfi dags. 6. júlí 2004. Samkvæmt framanskráðu rennur skipunartími nefndarinnar út í júlí 2008.

- Friðjón Þórðarson fv. ráðherra, formaður, skipaður án tilnefningar, til vara Guðríður Þorvarðardóttir, landfræðingur.
- Þórólfur Halldórsson, sýslumaður, tilnefndur af Héraðsnefnd Vestur-Barðastrandarsýslu, til vara Nanna Jónsdóttir, Efri-Rauðsdal.
- Eiríkur Snæbjörnsson, bóndi, tilnefndur af Héraðsnefnd Austur-Barðastrandarsýslu, til vara Jóhannes Gíslason, bóndi.
- Sigurður Þórólfsson, bóndi, tilnefndur af Héraðsnefnd Dalasýslu, til vara Snæbjörg Bjartmars, Fremri-Hundadal.
- Ásgeir Gunnar Jónsson, tilnefndur af Héraðsnefnd Snæfellinga, til vara Trausti Tryggvason, kennari.
- Róbert Arnar Stefánsson, forstöðumaður, tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrustofunum á Vestfjörðum og Vesturlandi, til vara Þorleifur Eiríksson, forstöðumaður.
- Magnús A. Sigurðsson, minjavörður, tilnefndur af Fornleifavernd ríkisins, til vara Agnes Stefánsdóttir, fornleifafræðingur.
- Ritari nefndarinnar er Sigriður Elísabet Elisdóttir.

Fundir Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd hélt ellefu nefndarfundi á árinu 2007 og voru níu haldnir í Stykkishólmi en aðrir sem hér segir:

80. fundur var haldinn í Brokey á Breiðafirði eftir vettvangsferð nefndarmanna, sem nánar verður greint frá síðar.

84. fundur og jafnframt síðasti fundur ársins var haldinn 10. desember á Umhverfisstofnun í Reykjavík. Þórunni Sveinbjarnardóttur, umhverfissráðherra, var boðið á fundinn en komst ekki þar sem hún var erlendis.

Auk hefðbundinna nefndarfunda funduðu formaður og varaformaður nefndarinnar þann 6. mars með þáverandi umhverfissráðherra, Jónínu Bjartmarz, og afhentu henni m.a. starfsskýrslu nefndarinnar fyrir árið 2006. Þann 19. júní funduðu þau aftur með umhverfissráðherra, en þá var Þórunn Sveinbjarnardóttir tekin við ráðherraembættinu. Henni var einnig afhent starfsskýrsla nefndarinnar fyrir árið 2006.

Þann 9. nóvember sóttu fulltrúar nefndarinnar fund stjórnar "Breiðafjarðarfléttunnar", sem eru nýstofnuð samtök ferðaþjónustuaðila við Breiðafjörð.

Fulltrúar á vegum Breiðafjarðarnefndar sóttu ráðstefnuna "Strandmenning Íslands – staða hennar og framtíð" sem haldin var í Reykjavík þann 5 október. Að ráðstefnunni stóðu Íslenska vitafélagið, Ferðamálastofa, Ferðamálasamtök Íslands, Siglingastofnun, Þjóðminjasafn Íslands, Húsafríðunarnefnd ríkisins, Fornleifavernd ríkisins og Samtök íslenskra sjóminjasafna. Mörg áhugaverð erindi voru flutt á ráðstefnunni m.t.t. ferðaþjónustu og menningarminja en lítið fjallað um mikilvægi náttúruminja, lífríkis eða jarðmyndana fyrir t.d. uppbyggingu ferðaþjónustu og gildi fyrir heimamenn s.s. vegna hefðbundinna nytja, þ.e. fyrir utan eitt erindi um Heimsmínjasvæðið "Höga Kysten" í Svíþjóð

Umfjöllun mála og afgreiðslur nefndarinnar er að finna í fundargerðum sem fylgja skýrslunni í *Viðauka I*.

Kostnaður við störf nefndarinnar


Á fjárlögum ársins 2007 fékk Breiðafjarðarnefnd úthlutað 7,8 millj. kr. til reksturs og ráðstöfunar, en árið þar á undan hafði nefndin 7,4 millj. kr. á fjárlögum. Í byrjun árs var fjárhagsstaða nefndarinnar jákvæð um tæplega 178 þús. kr., en þeim fjármunum hafði þó verið ráðstafað í samstarfsverkefni við Raunvísindadeild Háskóla Íslands um örnefnaskráningar. Í árslok 2007 var ákveðið að halda áfram samstarfi um það verkefni og í samræmi við verkefnaáætlun var 912 þús. kr. ráðstafað í það. Í töflunni hér á eftir er yfirlit um fjármál nefndarinnar árið 2007.

Eins og fyrr var heildarkostnaður við fundi nefndarinnar á árinu 2007 all hár, en búsetudreifing nefndarmanna veldur því að fundahöldum fylgir óhjákvæmilega mikill ferðakostnaður. Á árinu var nefndarmönnum greidd þóknun vegna fundasetu ársins 2006.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar árið 2007

fjárheimild ársins 2007	7.800.000	
Tilfærslur og flutt frá fyrra ári vegna örnefnaverkefnis og skráningar á sögu Breiðafjarðar	2.098.869	
Samstarfssamningar:		
Samsstarfssamningar við Sverri Jakobsson vegna skráningar á sögu Breiðafjarðar		1.000.000
Greiðsla vegna samstarfssamnings við HÍ frá 2006		360.000
Kostnaður vegna funda:		
Nefndarlaun vegna ársins 2006		1.081.253
Akstur, dagpeningar		2.028.606
Annar kostnaður vegna funda		213.987
Kostnaður vegna afgreiðslu á erindum:		
Bátskostnaður vegna ferða mælingarmanns		24.900
Kostnaður vegna vinnufundar um rannsóknáætlun:		
Rúta vegna vinnufundar		105.000
Skrifstofuáhöld		23.579
Gisting og fæði vegna ráðstefnu um rannsóknáætlun		238.400
Kostnaður vegna ráðstefnu um strandmenningu Íslands:		
Ráðstefnugjald		6.000
Kostnaður vegna vettvangsferðar:		
Veitingar í Brokey		100.000
Ferðakostnaður vegna báta í vettvangsferð		567.180
Rekstur skrifstofu:		
Samningur við Náttúrustofu Vesturlands v. ritara og skrifstofu		1.636.768
Tölvu- og kerfisfræðipjónusta (vistun heimasíðu)		28.558
Vextir, bætur, skattar		2.599
Útgáfa:		
Prentun á kynningarbæklingum um Breiðafjörð		574.854
Prentun ársskýrslu Breiðafjarðarnefndar		37.300
Annar kostnaður:		
Póstburðargjöld		6.200
Óbokaðar greiðslur vegna nefndarlauna 2005		916.403
Flutt til ársins 2008 vegna samnings um örnefnaverkefni		912.000
	9.898.869	9.863.587
Mismunur fluttur til ársins 2008		35.282
	9.898.869	9.898.869

Frá árinu 2003 hefur fjárheimild Breiðafjarðarnefndar hækkað örlítið frá ári til árs. Árið 2003 nam heimildin 6,7 millj. kr., árið 2004 6,9 millj. kr., árið 2005 7 millj. kr., árið 2006 7,4 millj. kr og eins og fram hefur komið var fjárheimild nefndarinnar 7,8 milljónir króna. Ef fjárheimildir nefndarinnar hefðu fylgt launavísitölu frá 2003 hefði fjárheimild ársins 2007 verið tæpar 9 milljónir króna.



Starfsemi á árinu 2007

Framkvæmd verndaráætlunar

Í lögum um vernd Breiðafjarðar er sérstaklega kveðið á um gerð verndaráætlunar með það að markmiði að tryggja vernd svæðisins þ.e. landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja eins og fram kemur í 1. gr. laga um vernd Breiðafjarðar. Siv Friðleifsdóttir, fyrrverandi umhverfisráðherra, staðfesti þann 10. október 2001 verndaráætlun fyrir Breiðafjörð en gildistími þeirrar áætlunar var frá árinu 2000 til ársins 2004. Í verndaráætluninni voru kynnt fjölmörg verkefni sem m.a. byggja á gagnaöflun og vöktun, en verkefnin taka mið af því að unnt verði að standa við markmið áætlunarinnar. Frá því að Breiðafjarðarnefnd fór að vinna í samræmi við áætlunina hefur lítið miðað áfram og er það fyrst og fremst vegna skorts á fjármagni. Var því ákveðið að næsta verndaráætlun fyrir Breiðafjörð gildi næstu 10 árin í stað 5 ára.

Þann 12. desember 2005 var undirritaður samstarfssamningur við Náttúrustofu Vesturlands um endurskoðun verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð, sem gilda skal til 10 ára. Öll vinna við verndaráætlunina hefur verið tímafrekari en gert var ráð fyrir í upphafi en hún er þó langt komin. Áætlað er að senda drög áætlunarinnar til umsagnaraðila snemma ársins 2008.

Helstu verkefni

Í september 2007 stóð Breiðafjarðarnefnd fyrir vinnufundi í Stykkishólmi um gerð rannsókn- og vöktunaráætlunar fyrir Breiðafjörð. Nánar verður fjallað um vinnufundinn og áætlunina síðar í skýrslunni. Að öðru leyti var því fjármagni sem nefndin hafði til umráða í verkefni á árinu 2007 aðallega ráðstafað í samstarfsverkefni Breiðafjarðarnefndar og Raunvísindadeildar Háskóla Íslands um örnefnaskráningar á sjó á Breiðafirði, sem einnig verður fjallað um síðar, endurprentun á áður útgefnum bæklingum og samstarfssamning við Sverri Jakobsson um skráningu á sögu Breiðafjarðar.

Á árinu 2007 fjallaði Breiðafjarðarnefnd um ýmis mál. Varðandi afgreiðslu þeirra er vísað í meðfylgjandi fundargerðir í [viðauka I](#). Nokkrar afgreiðslur eru taldar upp hér á eftir en listi yfir innsend og útsend erindi er í [viðauka II](#).

- Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð
- Gerð rannsóknáætlunar fyrir Breiðafjörð
- Kynningarbæklingar um Breiðafjörð
- Örnefnaskráningar á Breiðafirði
- Skráning á sögu Breiðafjarðar
- Mörk verndarsvæðis Breiðafjarðar
- Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016
- Reglugerðir skv. lögum um vernd Breiðafjarðar
- Fækkun sjófugla
- Tilnefning Breiðafjarðar á Ramsar-skrána og Heimsminjaskrá UNESCO
- Bygging sumarhúss í Skáley á Breiðafirði, Dalabyggð
- Umsókn um rekstrarleyfi til skelræktar og kræklingarækt á Breiðafirði
- Kræklingarækt á Breiðafirði
- Vindmylla í Langey
- Framkvæmdir við Vertshús í Flatey
- Reglur um byggingar í eyjum á Breiðafirði

Mörk verndarsvæðis Breiðafjarðar og hugmyndir um stækkun þess

Í árslok 2004 barst Breiðafjarðarnefnd erindi frá Skúla Alexanderssyni og Kristni Jónassyni, bæjarstjóra í Snæfellsbæ. Í erindinu var lögð fram tillaga um að verndarsvæði Breiðafjarðar yrði stækkað og að mörk þess yrðu dregin frá Öndverðarnesi í suðri að Bjargtöngum í norðri. Breiðafjarðarnefnd hefur fylgt erindi þeirra eftir og meðal annars kynnt tillöguna fyrir fyrrverandi umhverfisráðherra með bréfi og á fundi 11. desember 2006 og fyrir bæjarstjórn Vesturbyggðar.

Kynningarbæklingur um fuglalíf á Breiðafirði

Breiðafjarðarnefnd gaf á árinu 2006 út kynningarbækling um fuglalíf á Breiðafirði. Bæklingurinn var prentaður í alls 20 þúsund eintökum á íslensku og ensku og naut gífurlegra vinsælda, bæði meðal Íslendinga og erlendra ferðamanna. Bæklingurinn var í svipuðu formi og sá bæklingur sem Breiðafjarðarnefnd lét áður vinna og ber

nafnið “Breiðafjörður – Náttúra og saga”. Báðir bæklingarnir voru endurprentaðir á árinu 2007 í 15 þúsund eintökum hvor.

Örnefni í sjó á Breiðafirði

Í árslok 2005 var ákveðið að ráðast í samstarf við Háskóla Íslands um skráningu örnefna sem tengjast sjó og siglingum í Breiðafirði. Hjördís Linda Jónsdóttir, nemi í jarð- og landfræðiskor, undir leiðsögn Guðrúnar Gísladóttur dósents, sá um öflun frumgagna en skráningar fóru fram á vettvangi í júní og júlí 2006. Vinnan fólst í að safna, skrá, skýra, staðsetja og kortleggja örnefni. Leitað var til heimamanna um staðsetningu og skýringu örnefna en í lok árs 2006 samdi Breiðafjarðarnefnd við HÍ um að greiða kostnað vegna kynningar á verkefninu, útgáfu á skýrslu með niðurstöðum skráninga, vistun gagnagrunns og launa- og ferðakostnaðar vegna ferða til að staðfesta örnefni.

Í júlí 2007 skilaði Raunvísindastofnun Háskóla Íslands Breiðafjarðarnefnd skýrslu sem unnin var af Guðrúnu og Hjördísi og ber heitið "Örnefni í sjó á Breiðafirði". Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar www.breidafjordur.is en hún greinir frá niðurstöðum um skráningu á staðsetningum örnefna. Breiðafjarðarnefnd gerir ráð fyrir að halda þessu verkefni áfram.

Skráning á sögu Breiðafjarðar

Breiðafjarðarnefnd hefur átt samstarf við Sverri Jakobsson sagnfræðing um skráningu á sögu Breiðafjarðar. Gerðir hafa verið fjórir samstarfssamningar frá því í maí 2005. Síðasti samningurinn var vegna vinnu við ritverkið á árinu 2008 og var undirritaður á fundi nefndarinnar þann 10. desember 2007. Sverrir hefur reglulega skilað Breiðafjarðarnefnd áfangaskýrslu um verkefnið.

Rannsóknáætlun fyrir Breiðafjörð

Samkvæmt 7. gr. laga um vernd Breiðafjarðar skal Breiðafjarðarnefnd í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofu Vestfjarða og Náttúrustofu Vesturlands láta gera áætlun um æskilegar rannsóknir á náttúru Breiðafjarðar og endurskoða hana reglulega. Með þessa lagagrein að leiðarljósi óskaði Breiðafjarðarnefnd eftir því að fulltrúar framangreindra stofnana kæmu á fund nefndarinnar og ræddu gerð áætlunarinnar. Á þeim fundi var ákveðið að haldinn yrði sérstakur vinnufundur, þar sem allir helstu sérfræðingar á þeim sviðum náttúrufræðisrannsókna sem helst snerta lífríki svæðisins kæmu saman til að gera rannsóknáætlun fyrir Breiðafjörð. (Grasfræði, jarðfræði og jarðvegsfræði eru þó undanskilin)

Vinnufundurinn var haldinn dagana 12. og 13. september 2007 á Hótel Stykkishólmi. Alls sátu 24 fræðimenn frá ýmsum stofnunum fundinn. Í kjölfarið voru niðurstöðurnar teknar saman í skýrslu þar sem bent er á þá þætti í náttúru Breiðafjarðar er brýnast þykir að rannsaka frekar. Breiðafjarðarnefnd fékk afhent drög hennar á fundi þann 10. desember 2007 en endanleg skýrsla lá fyrir í janúar 2008. Verður hún í framhaldinu kynnt fyrir ráðherra og fleirum sem málið varðar.

Eftirfarandi sérfræðingar sátu vinnufundinn og komu að gerð rannsókn- og vöktunar-áætlunar fyrir Breiðafjörð:

Frá Hafrannsóknastofnuninni komu Ástþór Gíslason, Héðinn Valdimarsson, Hlynur Pétursson, Hrafnkell Eiríksson, Jónas Páll Jónasson og Karl Gunnarsson.

Frá Háskóla Íslands komu Arnþór Garðarsson, Freydís Vigfúsdóttir, Jörundur Svavarsson og Páll Hersteinsson.

Frá Háskólasetri Snæfellsness komu Tómas Grétar Gunnarsson og Jón Einar Jónsson.

Frá Háskólasetri Suðurnesja kom Guðmundur Víðir Helgason.

Frá Náttúrufræðistofnun Íslands komu Guðmundur A. Guðmundsson, Guðmundur Guðmundsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson.

Frá Náttúrustofu Reykjaness kom Gunnar Þór Hallgrímsson.

Frá Náttúrustofu Vestfjarða komu Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson.

Frá Náttúrustofu Vesturlands komu Menja von Schmalensee og Róbert Arnar Stefánsson.

Frá Veiðimálastofnun kom Þórólfur Antonsson.

Frá Vör - sjávarrannsóknasetri við Breiðafjörð kom Erla Björk Örnólfsdóttir.

Einnig tók þátt Erlingur Hauksson, sérfræðingur um seli.

Vettvangsferð um Breiðafjörð

Breiðafjarðarnefnd hélt í vettvangsferð um Suðureyjar á Breiðafirði þann 17. júlí og var lagt af stað frá Stykkishólmi á tveimur bátum. Meðal gesta nefndarinnar í ferðinni voru Hjördís Linda Jónsdóttir, sem unnið hefur að skráningu örnefna á Breiðafirði, Elly Katrín Guðmundsdóttir forstjóri Umhverfisstofnunar og Hjalti J. Guðmundsson forstöðumaður náttúruverndar- og útvistarsviðs Umhverfisstofnunar.

Farið var vestur fyrir Stykkishólm að Melrakkaeyjum, Saurláturseyjum, Kiðey og Sellóni. Þaðan var haldið norður austan við Vaðstakksey og að Elliðaey og gengið á land og eyjan skoðuð. Frá Elliðaey var farið að Fagurey og í Bíldsey og tekið land og sá Ágúst Bjartmars um leiðsögn. Frá Bíldsey var farið að Skjaldarey og síðan austur með Arney og Fremri-Langey að Kiðey, Grímsey, Klakkeyjum og lent í Purkeyjarstökkum. Í Purkey sá Helgi Steingrímsson um leiðsögn. Þaðan var farið að Hrappsey og um Breiðasund í Öxney. Í Öxney tóku Þórarinn Sighvatsson og Sturla Jóhannsson á móti hópnum og þar var gengið á land. Næst var siglt hjá Rifgirðingum og þaðan á síðasta viðkomustað ferðarinnar sem var Brokey. Þar tóku bræðurnir Páll og Bergur Hjaltalín á móti hópnum og fræddu fólk um sögu eyjanna.

Fararstjórar í bátunum voru Pétur Ágústsson og Ásgeir Gunnar Jónsson.

Heimasíða Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd heldur úti heimasíðu á slóðinni www.breidafjordur.is, en þar má m.a. nálgast fundargerðir og starfsskýrslur nefndarinnar, verndaráætlun, stöðuskýrslu um náttúrufar á Breiðafirði, útgefnar heimildir um jarðir, ábúendur, búnaðarhætti og fleira sem tengist sögu Breiðafjarðarsvæðisins. Bæklingar nefndarinnar *Breiðafjörður – Náttúra og saga* og *Fuglalíf á Breiðafirði* eru einnig aðgengilegir á heimasíðunni. Einnig má þar nálgast skýrslu Guðrúnar Gísladóttur og Hjördísar Lindu Jónsdóttur um örnefni í sjó á Breiðafirði og aðrar skýrslur sem nefndin hefur látið útbúa. Ýmsar aðrar upplýsingar og myndir frá Breiðafirði er einnig að finna á heimasíðunni.

Önnur mál

Breiðafjarðarnefnd fjallaði um ýmis smærri mál á árinu og afgreiddi þau erindi sem nefndinni bárust. Nánari upplýsingar er að finna í meðfylgjandi fundargerðum nefndarinnar í [Viðauka I](#) og yfirliti yfir innsend og útsend erindi í [Viðauka II](#).

Viðaukar


Til að veita ráðherra, almenningi og sveitarfélögum innsýn í starfsemi Breiðafjarðarnefndar fylgja starfsskýrslunni tveir viðaukar.

Viðauki – I: Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar, bls. 9 - 33.

Viðauki – II: Yfirlit yfir innsend og útsend erindi, bls. 34-37.

Óski umhverfisráðherra eftir frekari upplýsingum um störf Breiðafjarðarnefndar á árinu 2007 verða þær að sjálfsögðu veittar.

Í mars 2008
f.h. Breiðafjarðarnefndar



Friðjón Þórðarson
formaður

Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar 2007

74. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 23. janúar 2007 í Stykkishólmi.

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Magnús A. Sigurðsson, Sigurður Þórólfsson, Þórólfur Halldórsson, Eiríkur Snæbjörnsson og Róbert A. Stefánsson.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Fundur settur kl. 11:00.

Dagskrá fundarins

Fundargerð 73. fundar

Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016

Rætt var erindi frá Landmótun, dags. 20. nóvember 2006, þar sem óskað er formlegrar umsagnar um aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016. Friðjón sagði frá því að hann hafi verið í sambandi við Gísla Gíslason frá Landmótun og rætt við hann um þær athugasemdir sem nefndin gerði við tillögu að aðalskipulaginu í mars 2006 en höfðu ekki ratað inn í skipulagið.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd ítrekaði fyrri athugasemdir og bætti við fleirum. Friðjón og Þórólfur munu fara á fund Gísla Gíslasonar og ræða athugasemdir nefndarinnar.

Þóknun nefndarmanna vegna nefndarsetu 2006

Lögð voru fram drög að umsókn um greiðslu þóknunar til nefndarmanna vegna nefndarsetu ársins 2006 ásamt þeim einingafjölda sem reiknaður er hverjum og einum.

Afgreiðsla: Drögin voru samþykkt. Nefndarmenn gerðu ekki athugasemdir við þann einingafjölda sem þeim er reiknaður.

Starfsskýrsla 2006

Lögð voru fram drög að starfsskýrslu fyrir árið 2006.

Afgreiðsla: Starfsskýrslan var samþykkt.

Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð

Róbert sagði frá því að lokið sé við að skrifa drög að texta áætlunarinnar og sé hann í yfirlestri. Textinn verður lagður fyrir nefndarmenn fljótlega. Verndaráætlunin mun gilda frá árinu 2007 til 2016.

Afgreiðsla: Nefndarmenn fá sendan texta verndaráætlunarinnar á næstu vikum og verður hún rædd á næsta fundi, sem haldinn verður þriðjudaginn 20. febrúar nk.

Borun jarðhitaholu á Berserkseyri í Kolgrafafirði

Lagt var fram til kynningar afrit af erindi Umhverfisstofnunar til Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 21. desember 2006.

Reglugerðir skv. lögum um vernd Breiðafjarðar

Rætt var um ákvæði 5. gr. laga um vernd Breiðafjarðar, þar sem kveðið er á um að umhverfissráðherra setji, að fengnum tillögum Breiðafjarðarnefndar og umsögnum viðkomandi sveitarstjórna um þær, reglugerð þar sem kveðið skal á um verndaraðgerðir á grundvelli laganna, varnir gegn hvers konar mengun og aðgang ferðamanna að tilteknum stöðum á svæðinu sem viðkvæmir eru vegna náttúrufars.

Afgreiðsla: Ákveðið var að ítreka bréf nefndarinnar, frá 27. júní 2006, til menntamálaráðuneytisins þar sem ítrekuð er nauðsyn þess að reglugerð verði sett um vernd menningarsögulegra minja á svæðinu, þar á meðal byggðarheildar gamalla húsa í Flatey og vernd sjóminja.

Nefndin mun einnig óska eftir því við umhverfissráðuneytið að gerð reglugerðar verði flýtt þegar ný verndaráætlun fyrir Breiðafjörð liggur fyrir.

Vestfjarðavegur nr. 60. Bjarkalundur – Eyri, Reykhólahreppi

Úrskurður umhverfissráðherra um framkvæmdina var lagður fram til kynningar.

Fækkun sjófugla

Svarbréf umhverfissráðuneytisins, dags. 3. janúar 2007 var lagt fram til kynningar.

Samkvæmt 7. gr. laga um vernd Breiðafjarðar skal Breiðafjarðarnefnd í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofu Vestfjarða og Náttúrustofu Vesturlands láta gera áætlun um æskilegar rannsóknir á svæðinu og endurskoða hana reglulega.

Afgreiðsla: Ákveðið var að óska eftir því að forstöðumenn og/eða fulltrúar frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofu Vestfjarða og Náttúrustofu Vesturlands komi á næsta fund nefndarinnar og ræði gerð áætlunar um æskilegar rannsóknir á náttúru Breiðafjarðar.

Verndarsvæði Breiðafjarðar

Guðríður kynnti erindi sem henni barst frá kortadeild Landhelgisgæslunnar, dags. 17. janúar 2007. Þar er spurt hvort hafsvæðið á Breiðafirði heyri undir verndarsvæði Breiðafjarðar.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd lítur svo á að verndarsvæði Breiðafjarðar sé allt hafsvæðið, eyjar og fjörur.

Á bls. 1 í verndaráætlun, sem staðfest var af ráðherra 10. október 2001, kemur fram að verndarsvæðið sé 2900 ferkílómetrar og nær það því yfir allt svæðið á innanverðum Breiðafirði sem markast af línu dreginni frá Ytranesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadrápssker um Oddbjarnarsker, Stagley og Höskuldsey í Vallabjarg að sunnanverðu.

Önnur mál

Kynningarbæklingar um Breiðafjörð

Rætt var um að gefa út kynningarbækling tengdan menningarminjum ef fjármagn leyfir. Þá var ákveðið að láta prenta bæklingana “Breiðafjörður – Náttúra og saga” og “Fuglalíf á Breiðafirði” fyrir sumarið.

Fundi slitið kl. 14:00.

Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 20. febrúar 2007.

75. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 20. febrúar 2007 í Stykkishólmi.

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Magnús A. Sigurðsson, Sigurður Þórólfsson, Þórólfur Halldórsson, Eiríkur Snæbjörnsson og Róbert A. Stefánsson.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Fundur settur kl. 11:00.

Gestir fundarins voru Þorleifur Eiríksson frá Náttúrustofu Vestfjarða, Menja von Schmalensee frá Náttúrustofu Vesturlands og Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Guðmundur A. Guðmundsson frá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Dagskrá fundarins

Áætlun um rannsóknir á náttúru Breiðafjarðar

Rædd var gerð áætlunar um æskilegar rannsóknir á náttúru Breiðafjarðar.

Nefndarmenn og gestir fundarins voru sammála um mikilvægi þess að rannsóknáætlun verði unnin sem allra fyrst eins og kveðið er á um í 7. gr. laga um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995.

Einnig voru rædd fleiri mál er varða Breiðafjörð.

Afgreiðsla: Ákveðið var að haldinn verði undirbúningsfundur í vor og munu fulltrúar ofangreindra stofnana vinna minnisblað fyrir næsta fund Breiðafjarðarnefndar og tilgreina þá aðila sem æskilegt er að sitji undirbúningsfundinn.

Í framhaldinu verður haldinn vinnufundur í haust þar sem teymi sérfræðinga mun vinna að gerð rannsóknáætlunarinnar og ákveða hvernig henni verður framfylgt.

Formaður þakkaði gestum fundarins, sem yfirlög fundinn kl. 12:20.

Fundargerð 74. fundar

Fundargerðin var upplésin og samþykkt.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016

Rætt var erindi frá Landmótun, dags. 20. nóvember 2006, þar sem óskað er formlegrar umsagnar um aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016.

Friðjón og Þórólfur fóru á fund Gísla Gíslasonar hjá Landmótun þann 13. febrúar sl. og komu athugasemdum Breiðafjarðarnefndar á framfæri.

Þórólfur sagði að þeir hafi ásamt Gísla farið í gegnum greinargerð aðalskipulagsins og að þegar hafi verið tekið tillit til athugasemda nefndarinnar í öllum aðalatriðum.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd gerir ekki frekari athugasemdir en þær sem fram hafa komið í bréfi nefndarinnar, dags. 15. mars 2006, og á fundi Þórólfs og Friðjóns með Gísla Gíslasyni, þann 13. febrúar sl.

Starfsskýrsla 2006

Starfsskýrslunni var dreift til nefndarmanna.

Afgreiðsla: Friðjón og Guðríður munu óska eftir fundi með umhverfisráðherra og afhenda skýrsluna.

Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2007-2016

Róbert sendi nefndarmönnum tölvuskeyti fyrir fund nefndarinnar og útskýrði þar tafir á lokafrágangi texta verndaráætlunarinnar, en textinn er í yfirllestri hjá nokkrum sérfræðingum.

Afgreiðsla: Nefndarmenn munu lesa texta verndaráætlunarinnar yfir og koma með sínar athugasemdir þegar textinn verður fullunninn. Að því loknu verður sveitarfélögum og fleirum gert kleift að koma með athugasemdir.

Erindi Margrétar Sigurðardóttur vegna greinargerðar um sjávarfallavirkjun við jörðina Straum á Skógarströnd

Erindið var lagt fram á fundinum. Róbert gerði grein fyrir málinu. Hann lagði fram tölvuskeyti sem hann sendi Margréti 7. febrúar sl. Hann hefur fengið staðfest að hún hefur mótttekið það skeyti.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd þykir leitt að til ágreinings hafi komið og væntir þess að málið verði leyst milli viðkomandi aðila.

Ófullgerð skýrsla Guðrúnar Gísladóttur og Hjördísar Lindu Jónsdóttur um örnefnaskráningu á Breiðafirði sumarið 2006

Nefndarmenn fengu allir skýrsluna í hendur fyrir fundinn og hafa aðeins náð að skoða hana.

Afgreiðsla: Nefndarmenn munu fara betur yfir skýrsluna og senda ritara athugasemdir ekki síðar en mánudaginn 26. febrúar nk.

Skáley á Breiðafirði, Dalabyggð

Lagt var fram erindi Stefáns Hrafns Stefánssonar, hdl., fyrir hönd eiganda Skáleyjar á Breiðafirði, Dalabyggð. Í erindinu, sem dagsett var 15. febrúar sl., er óskað eftir heimild til þess að byggja sumarhús (heilsárshús) með tilheyrandi aðstöðu á eyjunni. Nefndarmenn skoðuðu gögn málsins.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd bendir á að vegna fyrirhugaðrar mannvirkjagerðar þarf að leita leyfis Umhverfisstofnunar sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Umhverfisstofnun sendir að jafnaði Breiðafjarðarnefnd slík erindi til umsagnar. Nefndin bendir á að áður en mannvirki er staðsett á landi er nauðsynlegt að leita samráðs við Fornleifavernd ríkisins. Að öðru leyti fer um málið skv. skipulags- og byggingalögum nr. 73/1997.

Önnur mál

Kynningarbæklingar um Breiðafjörð

Ákveðið var á síðasta fundi að endurprenta báða áður útgefna kynningarbæklinga fyrir sumarið.

Afgreiðsla: Ritara var falið að óska eftir tilboði í endurprentun á hvorum bæklingi fyrir sig í 10 þúsund eintökum á ensku og 5 þúsund á íslensku.

Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar

Magnús og Ásgeir Gunnar tóku að sér að huga áfram að undirbúningi vettvangsferðar næsta sumar.

Fundi slitið kl. 14:50.

Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 20. mars 2007.

76. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 20. mars 2007 í Stykkishólmi.

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Magnús A. Sigurðsson, Sigurður Þórólfsson, Þórólfur Halldórsson, Eiríkur Snæbjörnsson og Róbert A. Stefánsson.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Fundur settur kl. 11:20.

Friðjón tilkynnti að Sigríður Stefánsdóttir fyrrverandi ritari Breiðafjarðarnefndar sé látin langt um aldur fram.

Nefndarmenn minntust Sigríðar.

Dagskrá:

Vör – Sjávarrannsóknasetur við Breiðafjörð

Til stóð að Erla Björk Örnólfsdóttir, forstöðumaður sjávarrannsóknasetursins Varar í Ólafsvík yrði gestur fundarins og kynnti fyrir nefndarmönnum þau verkefni sem nú eru í gangi hjá setrinu og segði frá þeim verkefnum sem fyrirhugað er að vinna á næstunni.

Vegna stórhriðar og óveðurs á norðanverðu Snæfellsnesi gat Erla ekki komið til fundarins og mun því verða gestur á næsta fundi.

Fundargerð 75. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

Áætlun um rannsóknir á náttúru Breiðafjarðar

Róbert sagði frá því að til hafi staðið að leggja fram minnisblað frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofu Vesturlands og Náttúrustofu Vestfjarða á fundinum, en að ekki hafi tekist að ljúka þeirri vinnu. Minnisblaðið verður tilbúið á næsta fundi.

Nefndarmenn ræddu í framhaldinu ástandið á lífríki sjávar í Breiðafirði.

Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2007-2016

Guðríður fór yfir nýjar reglur um uppsetningu á verndaráætlunum skv. leiðbeiningariti Umhverfisstofnunar um gerð verndaráætlana, sem reyndar er enn í vinnslu.

Róbert fór yfir texta Verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð 2007-2016 og reifaði helstu breytingar frá fyrri verndaráætlun.

Nefndarmenn ræddu verndaráætlunina og komu með einhverjar athugasemdir.

Afgreiðsla: Nefndarmenn munu fara nánar yfir texta Verndaráætlunar Breiðafjarðar og senda Róberti sínar athugasemdir. Ákveðið var að fara nákvæmlega yfir verndaráætlunina á næsta fundi nefndarinnar.

Bygging húss í Skáley á Breiðafirði

Erindi Umhverfisstofnunar, dags. 9. mars 2007, var lagt fram á fundinum og rætt. Í erindinu er óskað eftir áliti Breiðafjarðarnefndar á umsókn varðandi byggingu húss í Skáley á Breiðafirði, bæði m.t.t. menningarminja og lífríkis Breiðafjarðar þ.m.t. hvort bygging húss í Skáley og umferð tengd því sé líkleg til að hafa áhrif á varp hafarna séu arnarsetur í grenndinni.

Nefndinni hefur einnig borist til upplýsingar frá Umhverfisstofnun afrit af afgreiðslu Náttúrufræðistofnunar Íslands varðandi sama mál.

Nefndarmenn fjölluðu um erindið.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd hefur ekki lagst gegn byggingu húsa í eyjum þar sem áður hefur verið byggð, sbr. vinnureglur Breiðafjarðarnefndar.

Við ákvörðun um leyfi til byggingar húss í Skáley mælist Breiðafjarðarnefnd til að eftirfarandi sé haft til hliðsjónar:

- Að engin mannvirkjagerð verði nær arnarhreiðri en 500 m í samræmi við 19. gr villidýralaga nr. 64/1994.

- Að framkvæmdatími við mannvirkjagerð, ef af verður, verði utan varptíma arnarins, til að halda umferð í lágmarki á þeim tíma.

- Að landeiganda verði kynntar reglur um umgengni í námunda við arnarhreiður.

- Að fullt samráð verði haft við Fornleifavernd ríkisins um staðsetningu þannig að tryggt verði að menningarminjum verði ekki spillt.

Umsókn um rekstrarleyfi til skelræktar

Inn á fundinn barst afrit af erindi frá Jóni Baldvinssyni, f.h. Breiðar ehf. til Fiskistofu, dagsett 15. mars 2007, þar sem sótt er um rekstrarleyfi til skelræktar. Jón óskaði jafnframt eftir því að erindið yrði rætt á fundinum.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd bendir á að vegna fyrirhugaðrar skelræktar þarf að leita leyfis Umhverfisstofnunar sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Umhverfisstofnun sendir að jafnaði Breiðafjarðarnefnd slík erindi til umsagnar.

Kræklingarækt í Breiðafirði

Erindi Fiskistofu, dags. 19. mars 2007 var lagt fram á fundinum og rætt. Í erindinu er óskað eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar um áætlun um kræklingarækt í Breiðafirði. Þá voru lögð fram viðbótargögn frá Símoni Sturlusyni, sem jafnframt óskaði eftir, með tölvupósti 19. mars sl., að umsókn um rekstrarleyfi vegna ofangreindrar kræklingaræktar yrði rædd á fundinum.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd bendir á að vegna fyrirhugaðrar kræklingaræktar þarf að leita leyfis Umhverfisstofnunar sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Umhverfisstofnun sendir að jafnaði Breiðafjarðarnefnd slík erindi til umsagnar.

Önnur mál

Ósk um heimild til afnota á texta fuglalífsbæklings

Ritari las tölvuskeyti frá Krístrúnu Konráðsdóttur, sölu- og markaðsstjóra Sæferða, dags. 19. mars 2007, þar sem óskað er eftir leyfi nefndarinnar til að nota texta úr fuglalífsbæklingi Breiðafjarðarnefndar á heimasíðu Sæferða.

Afgreiðsla: Nefndarmenn samþykktu að textinn yrði notaður, svo framarlega sem heimilda er getið.

Afhending starfsskýrslu Breiðafjarðarnefndar

Friðjón og Guðríður sögðu frá því að þau hafi farið á fund umhverfisráðherra fyrr í mánuðinum og afhent starfsskýrslu Breiðafjarðarnefndar fyrir árið 2006.

Leyfisveitingar vegna bygginga í Flatey

Magnús benti á að veitt hefur verið leyfi fyrir viðbyggingu í Flatey án samráðs við Umhverfisstofnun og umsagnar Breiðafjarðarnefndar.

Afgreiðsla: Ákveðið var að ítreka við Reykhólahrepp að öll mál er varða breytingar á gamla þorpinu í Flatey skuli send til Umhverfisstofnunar.

Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar

Magnús og Ásgeir Gunnar tóku að sér að huga áfram að undirbúningi vettvangsferðar næsta sumar.

Kynningar:

Guðríður sagði frá því að hún hafi nýverið sett fund þjóðgarðsnefndar Snæfellsjökuls. Þar hafi komið fram vilji fyrir stækkun verndarsvæðis Breiðafjarðar.

Fundi slitið kl. 14:50.

Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 17. apríl 2007.

77. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 17. apríl 2007 í Stykkishólmi.

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Sigurður Þórólfsson, Þórólfur Halldórsson, Eiríkur Snæbjörnsson og Róbert A. Stefánsson.

Magnús A. Sigurðsson boðaði forföll um morguninn vegna veikinda.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Fundur settur kl. 11:00.

Dagskrá:

Vör – Sjávarrannsóknasetur við Breiðafjörð

Erla Björk Örnólfsdóttir, forstöðumaður sjávarrannsóknasetursins Varar í Ólafsvík var gestur fundarins og kynnti fyrir nefndarmönnum þau verkefni sem nú eru í gangi hjá setrinu og sagði frá þeim verkefnum sem fyrirhugað er að vinna á næstunni.

Tómas Grétar Gunnarsson og Jón Einar Jónsson frá Háskólasetri Snæfellsness og Menja von Schmalensee frá Náttúrustofu Vesturlands voru viðstödd kynninguna.

Formaður þakkaði Erlu kynninguna.

Erla vék af fundi kl. 12:44.

Fundargerð 76. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt.

Fyrirspurn um tillögu að verndarsvæði Breiðafjarðar

Lagt var fram erindi frá Grundarfjarðarbæ, dagsett 15. mars 2007. Í erindinu er spurst fyrir um það hvenær gera megi ráð fyrir að tillaga um verndarsvæði Breiðafjarðar verði gerð opinber.

Afgreiðsla: Vinna við Verndaráætlun er á lokastigi og sveitarfélögunum verða send drög að henni til umsagnar þegar nefndin hefur lokið vinnu sinni.

Vertshús, Flatey. Bakhús.

Afrit af bréfi Húsafriðunarnefndar ríkisins til Skipulags- og byggingafulltrúa Dala- og A-Barðastrandarsýslu, Árnes og Broddaneshrepps, dags. 26. mars 2007, var lagt fram til kynningar.

Vindmylla í Langey

Erindi Umhverfisstofnunar, dags. 10. apríl 2007 var lagt fram. Í erindinu var óskað eftir álitni nefndarinnar á umsókn Axels Helgasonar um að byggja vindmyllu í Efri-Langey á Breiðafirði.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemdir við uppsetningu á umræddri vindmyllu í Efri-Langey.

Áætlun um æskilegar rannsóknir á náttúru Breiðafjarðar

Lagt var fram til kynningar minnisblað frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofu Vesturlands og Náttúrustofu Vestfjarða. Fram kemur að undirbúningsfundur fyrir væntanlega ráðstefnu sérfræðinga, sem til stendur að halda í haust, verði haldinn fljótlega og að tillögum um framkvæmd ráðstefnunnar verði skilað til Breiðafjarðarnefndar fyrir 31. maí nk. Tómas Grétar Gunnarsson, forstöðumaður Háskólaseturs Snæfellsness, hefur tekið að sér að leiða undirbúningsvinnu vegna ráðstefnunnar. Auk Tómasar verða á undirbúningsfundinum Róbert A. Stefánsson frá Breiðafjarðarnefnd og Náttúrustofu Vesturlands, Menja von Schmalensee frá

Náttúrustofu Vesturlands, Guðmundur A. Guðmundsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Þorleifur Eiríksson frá Náttúrustofu Vestfjarða og Erla Björk Örnólfsdóttir frá Sjávarrannsóknasetrinu Vör.

Minnispunktur frá fundi formanns með fornleifafræðingum frá Fornleifastofnun Íslands

Friðjón lagði fram til kynningar minnispunkta frá fundi Adolfs Friðrikssonar og Guðrúnar Öldu Gísladóttur fornleifafræðinga hjá Fornleifastofnun Íslands með Friðjóni Þórðarsyni formanni Breiðafjarðarnefndar þann 27. mars sl.

Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2007-2016

Fyrsti hluti verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð var samlesinn og yfirfarinn af nefndarmönnum.

Afgreiðsla: Yfirferð yfir verndaráætlunina verður haldið áfram á næsta fundi, sem haldinn verður mánudaginn 7. maí 2007.

Fundi slitið kl. 15:40.

Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 7. maí 2007.

78. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 7. maí 2007 í Stykkishólmi.

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Magnús A. Sigurðsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Sigurður Þórólfsson, Þórólfur Halldórsson, Eiríkur Snæbjörnsson og Róbert A. Stefánsson.

Guðríður Þorvarðardóttir, varaformaður, boðaði forföll vegna anna.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Fundur settur kl. 11:00.

Dagskrá:

Fundargerð 77. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt.

Framkvæmdir við Vertshús í Flatey

Lagt var fram erindi Umhverfisstofnunar, sem barst nefndinni í tölvupósti þann 4. maí 2007. Í erindinu var óskað eftir umsögn nefndarinnar um ósk Karls Gunnarssonar um leyfi fyrir framkvæmdum við Vertshús í Flatey, sbr. meðfylgjandi gögn.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd gerði ekki athugasemdir við framkvæmdirnar.

Rannsóknáætlun fyrir Breiðafjörð

Róbert greindi frá því að undirbúningsfundur vegna ráðstefnu sérfræðinga, sem til stendur að halda í haust, hafi verið haldinn í Stykkishólmi fimmtudaginn 3. maí sl. Fundinn sátu auk Róberts, Menja von Schmalensee frá Náttúrustofu Vesturlands, Þorleifur Eiríksson frá Náttúrustofu Vestfjarða, Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Guðmundur A. Guðmundsson frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Erla Björk Örnólfsdóttir frá Sjávarrannsóknasetrinu Vör og Tómas Grétar Gunnarsson frá Háskólasetri Snæfellsness sem jafnframt sá um fundarstjórn.

Ákveðið var að ráðstefnan verði haldin í Stykkishólmi og standi yfir dagana 12. og 13. september. Á ráðstefnuna verða boðaðir allir helstu sérfræðingar um lífríki Breiðafjarðar og aðrir sem geta orðið að liði við vinnuna. Samtals er gert ráð fyrir að þátttakendur verði u.þ.b. 30 auk fulltrúa úr Breiðafjarðarnefnd. Töluverður kostnaður mun fylgja ráðstefnuhaldinu og var rætt um að sækja um styrk til umhverfisráðuneytisins vegna hans.

Afgreiðsla: Undirbúningsnefndin mun skila Breiðafjarðarnefnd áætlun um ráðstefnuna með upplýsingum um skipulag og kostnað fyrir næsta fund.

Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2007-2016

Róbert sagði frá því að Skipulagsstofnun hafi bent á að verndaráætlun fyrir Þjóðgarðinn Snæfellsjökul þurfi að fara í umhverfismat áætlana og var í því efni vísað til laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Nefndarmenn skoðuðu lögin og töldu að þetta ætti ekki við um verndaráætlun fyrir Breiðafjörð.

Yfirferð yfir verndaráætlun fyrir Breiðafjörð var haldið áfram. Nefndarmenn komu fram með sínar athugasemdir.

Afgreiðsla: Ekki tókst að ljúka yfirferð yfir verndaráætlunina á þessum fundi. Stefnt er að því að henni ljúki á næsta fundi, sem haldinn verður 29. maí nk.

Önnur mál

Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar

Ásgeir Gunnar lagði fram tillögu um að farið verði í vettvangsferð um sunnanverðan Breiðafjörð þriðjudaginn 17. júlí eða miðvikudaginn 18. júlí nk.

Afgreiðsla: Samþykkt var að allur undirbúningur vettvangsferðar miðist að því að farið verði á ofangreindum tíma.

Fundi slitið kl. 15:10.

Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 29. maí 2007.

79. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 29. maí 2007 í Stykkishólmi.

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Magnús A. Sigurðsson, Sigurður Þórólfsson og Eiríkur Snæbjörnsson.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Fundur settur kl. 12:00.

Dagskrá:

Fundargerð 78. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt.

Róbert A. Stefánsson og Þórólfur Halldórsson mættu kl. 12:20.

Rannsóknáætlun fyrir Breiðafjörð

Róbert lagði fram kostnaðaráætlun vegna fyrirhugaðrar ráðstefnu um gerð rannsóknáætlunar fyrir Breiðafjörð. Gert er ráð fyrir að ferða- og gistikostnaður ásamt upphaldi og undirbúningskostnaði sé í kringum 1 milljón króna. Ráðstefnan verður haldin 12. – 13. september 2007

Afgreiðsla: Undirbúningshópur mun halda undirbúningi áfram.

Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður var upptekin á fundi í Reykjavík og mætti kl. 12:50.

Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2007-2017

Yfirferð yfir verndaráætlun fyrir Breiðafjörð var haldið áfram. Nefndarmenn komu fram með sínar athugasemdir.

Afgreiðsla: Nefndarmenn luku yfirferð yfir drög verndaráætlunarinnar. Farið verður yfir forgangsröðun verkefna á næsta fundi. Róbert mun halda áfram frágangi á verndaráætluninni.

Önnur mál

Guðríður sagði frá ráðstefnunni “Nordic Workshop on Marine Spatial Planning” sem haldin verður í Kaupmannahöfn 6. til 8. júní nk.

Fundi slitið kl. 17:30.

Næsti fundur ákveðinn fimmtudaginn 28. júní nk.

80. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 17. júlí 2007 í Brokey á Breiðafirði.

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Magnús A. Sigurðsson, Sigurður Þórólfsson, Róbert A. Stefánsson og Þórólfur Halldórsson.

Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður var erlendis.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd hélt í vettvangsferð um Suðureyjar á Breiðafirði og var lagt af stað frá Stykkishólmi á tveimur bátum kl. 09:00. Gestir nefndarinnar í ferðinni voru ásamt mökum nefndarmanna og ritara, Hjördís Linda Jónsdóttir, Ellý Katrín Guðmundsdóttir forstjóri Umverfisstofnunar ásamt eiginmanni og syni og Hjalti J. Guðmundsson forstöðumaður náttúruverndar- og útvistarsviðs Umhverfisstofnunar.

Farið var vestur fyrir Stykkishólm að Melrakkaeyjum, Saurláturseyjum, Kiðey og Sellóni. Þaðan var haldið norður austan við Vaðstakksey og að Elliðaey og gengið á land og eyjan skoðuð. Frá Elliðaey var farið að Fagurey og í Bíldsey og tekið land og sá Ágúst Bjartmars um leiðsögn. Frá Bíldsey var farið að Skjaldarey og síðan austur með Arney og Fremri-Langey að Kiðey, Grímsey, Klakkeyjum og lent í Purkeyjarstökkum. Í Purkey sá Helgi Steingrímsson um leiðsögn. Þaðan var farið að Hrappsey og um Breiðasund í Öxney. Í Öxney tóku Þórarinn Sighvatsson og Sturla Jóhannsson á móti hópnum og þar var gengið á land. Næst var siglt hjá Rifgirðingum og þaðan á síðasta viðkomustað ferðarinnar sem var Brokey. Þar tóku bræðurnir Páll og Bergur Hjaltalín á móti hópnum og fræddu fólk um sögu eyjanna.

Fararstjórar í bátunum voru Pétur Ágústsson og Ásgeir Gunnar Jónsson.

Komið var til baka í Stykkishólmshöfn kl. 22:00.

Fundur settur kl. 19:30.

Dagskrá:

Fundargerð 79. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt.

Umsókn um byggingu sumarhúss í Kiðey á Breiðafirði.

Erindi Umhverfisstofnunar, dags. 6. júlí 2007 var lagt fram og rætt. Í erindinu er óskað eftir álitu Breiðafjarðarnefndar á umsókn um leyfi til að byggja sumarhús í Kiðey á Hvammsfirði, Breiðafirði.

Afgreiðsla: Ákveðið var að óska eftir frekari heimildum um búsetu í Kiðey og afstöðumynd af fyrirhugaðri byggingu.

Einnig var ákveðið að óska eftir upplýsingum frá Náttúrufræðistofnun Íslands um hvort arnarvarp hafi verið í nágrenni Kiðeyjar.

Önnur mál

Byggingar í eyjum á Breiðafirði

Róbert benti á að á siglingu um Breiðafjörð í dag hafi viss sumarhús í eyjum stungið verulega í stúf við umhverfi sitt í eyjunum. Hann benti á að víða um heim væru svæði þar sem giltu strangar reglur um byggingarstíl húsa og nefndi dæmi frá tveim bæjum í Danmörku. Hann telur að nefndin eigi að vinna að því að slíkar reglur verði settar um byggingar á Breiðafirði.

Afgreiðsla: Ákveðið var að taka málið upp á næsta fundi.

Fundi slitið kl. 20:00.
Næsti fundur ákveðinn 24. ágúst nk.

81. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 24. ágúst 2007 í Stykkishólmi.

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Magnús A. Sigurðsson, Róbert A. Stefánsson og Þórólfur Halldórsson
Sigurður Þórólfsson boðaði fjarveru.
Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Fundur settur kl. 11:00.

Dagskrá:

Fundargerð 80. fundar

Formaður las fundargerðina.

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt.

Rannsóknáætlun fyrir Breiðafjörð

Lögð var fram kostnaðaráætlun vegna fyrirhugaðs vinnufundar um gerð rannsóknáætlunar fyrir Breiðafjörð. Fundurinn verður haldinn dagana 12. og 13. september nk. Í kostnaðaráætluninni er gengið út frá því að þær stofnanir sem eiga fulltrúa á fundinum greiði launakostnað.

Afgreiðsla: Ritari mun senda styrkumsókn vegna kostnaðar við fundarhaldið til umhverfissráðuneytisins. Sótt er um styrk frá ráðuneytinu vegna gisti- og fæðiskostnaðar og kostnaðar við rútuferðir til og frá Stykkishólmi.

Kæra vegna afgreiðslu Umhverfisstofnunar

Rætt var erindi umhverfissráðuneytisins, dags. 10. ágúst 2007, þar sem óskað er eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar um kæru Hróbjarts Jónatanssonar hrl., f.h. Péturs Haraldssonar, dags. 23. júlí sl., vegna ákvörðunar Umhverfisstofnunar frá 5. júlí sl. um að synja Pétri um leyfi til að byggja hús í Skáley á Breiðafirði, Dalabyggð.

Til að sannreyna fjarlægðartölur sem komið höfðu fram í málinu, fór mælingamaður á vegum nefndarinnar í Skáley og mældi fjarlægðina frá fyrirhuguðum byggingarstað að arnarhreiðri og lagði fram á fundinum kort sem sýnir niðurstöður mælinganna.

Nefndarmenn ræddu kærana og úrskurð Umhverfisstofnunar og töldu vera rangfærslur í báðum skjölunum.

Þórólfur sagði það mjög gagnrýnivert að Náttúrufræðistofnun, sem beðin var um umsögn um málið, hafi notað tækifærið til að gagnrýna vinnubrögð

Breiðafjarðarnefndar og setja út á þær vinnureglur sem Breiðafjarðarnefnd hefur sett sér. Það sem verra sé, er að Umhverfisstofnun taki þessa gagnrýni upp í úrskurði sem hún sendi frá sér. Þetta sé ómálefnalegt.

Fulltrúi Náttúrufræðistofnunar Íslands og náttúrustofa á Vesturlandi og Vestfjörðum (Róbert) vildi láta bóka að hann lagðist gegn byggingu húss í Skáley á fundi nefndarinnar þegar málið var afgreitt skv. beiðni Umhverfisstofnunar þann 20. mars sl.

Afgreiðsla: Mælingamaður frá Breiðafjarðarnefnd fór í Skáley til að sannreyna þær fjarlægðir sem um ræðir og í ljós kom að Skáley er að öllu leyti utan við 500 metra radíus frá umræddu arnarhreiðri, sbr. hnissett gögn (grundvölluð á ISN 93).

Breiðafjarðarnefnd stendur því við afgreiðslu sína til Umhverfisstofnunar, dags. 21. mars 2007.

Að gefnu tilefni:

Breiðafjarðarnefnd hefur áhyggjur af því að Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands skuli nota mál sem þetta til að gagnrýna störf

nefndarinnar. Vinnureglur og sjónarmið Breiðafjarðarnefndar sem nefndin hefur til viðmiðunar við umsagnir um veitingu byggingarleyfa á verndarsvæðinu hefur nefndin notast við árum saman og haft til hliðsjónar við afgreiðslu mála með það að markmiði að gæta jafnræðis. Reglurnar eru birtar á heimasíðu nefndarinnar í þeim tilgangi að öllum megi vera ljóst hvaða sjónarmið lögð séu til grundvallar við afgreiðslu mála.

Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2007-2017

Nefndarmenn héldu áfram vinnu við verndaráætlun Breiðafjarðar og ræddu m.a. forgangsröðun verkefna.

Afgreiðsla: Ákveðið var að bíða átektu og sjá hvaða niðurstöður koma út úr fyrrgreindum vinnufundi, sem haldinn verður 12. og 13. september nk. áður en forgangsröðunin verði kláruð. Róbert mun koma með drög að forgangsröðun á næsta fund.

Reglur um byggingar í eyjum á Breiðafirði

Róbert óskaði á síðasta fundi eftir að vinnureglur Breiðafjarðarnefndar um feril mála og sjónarmið við umsagnir um veitingu byggingarleyfa eða leyfa til mannvirkjagerðar á verndarsvæði Breiðafjarðar verði endurskoðaðar.

Afgreiðsla: Ákveðið var að útvega manntal frá 1703 fyrir næsta fund og fresta umræðunni til þess fundar.

Örnefni í sjó á Breiðafirði

Erindi Úlfars B. Thoroddsen, dags. 21. ágúst 2007, var rætt. Með erindinu óskar hann eftir yfirlýsingu frá Breiðafjarðarnefnd um stuðning Minjasafnsins að Hnjóti og Norce-verkefnisins við verkefnið.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd þakkar Minjasafninu að Hnjóti og Norce- Northern Coastal Experience verkefninu fjárhagslegan stuðning við verkefnið "Örnefni í sjó á Breiðafirði", sem unnið var árin 2006-7 af Guðrúnu G. Gísladóttur, prófessor við Háskóla Íslands og Hjördísi Lindu Jónsdóttur, nema í landfræði við sama skóla. Breiðafjarðarnefnd harmar að stuðningsins var ekki getið í skýrslu um verkefnið en mun óska eftir að það verði leiðrétt í stafrænni útgáfu á heimasíðu nefndarinnar.

Yfirlitsskrá ríkisstjórnarinnar yfir framtíðartilnefningar Íslands á heimsminjaskrá UNESCO

Lögð var fram samþykkt ríkisstjórnarinnar á nýrri yfirlitsskrá yfir framtíðartilnefningar Íslands á heimsminjaskrá UNESCO og skipan nýrrar heimsminjanefndar Íslands.

Breiðafjörður er á skránni vegna náttúru- og menningarminja.

Guðríður dreifði til nefndarmanna skýrslunni "Bjartari framtíð – 13 alþjóðasamningar um náttúru og menningarumhverfi", en á bls. 30 og 31 í skýrslunni er fjallað um samninginn um heimsminjar.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd fagnar samþykkt ríkisstjórnarinnar og væntir góðs af samstarfi við umhverfis- og menntamálaráðuneytið við undirbúning tilnefningarinnar.

Önnur mál

Guðríður sagði frá því að hún hafi sótt fund í Danmörku vegna verkefnisins "Countdown 2010" sem á að vinna að því að stöðva fækkun á dýrategundum og líffræðilegum fjölbreytileika.

Guðríður nefndi risahvönn sem dæmi um tegund sem sé farin að valda verulegum vandræðum í nágrennalöndunum. Þá sagði hún frá fleiri framandi tegundum bæði úr plöntu- og dýraríkinu sem eru að valda vandræðum í lífríkinu.

Í framhaldi af þessu var rætt um áhyggjur nefndarmanna af afleiðingum mikillar útbreiðslu ætihvannar í Breiðafjarðareyjum þar sem sauðfjárbætur er ekki lengur til staðar, og hvernig hún getur valdið umtalsverðu jarðvegsrofi í eyjunum.

Kostnaður

Samþykkt var að Breiðafjarðarnefnd greiði kostnað vegna báts og stýrimanns í mælingaferð vegna mælinga við Skáley.

Fundi slitið kl. 15:10.

Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 17. september nk.

82. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 2. október 2007 í Stykkishólmi.

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Magnús A. Sigurðsson, Róbert A. Stefánsson, Sigurður Þórólfsson og Þórólfur Halldórsson.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Fundur settur kl. 11:00.

Dagskrá:

Fundargerð 81. fundar

Formaður las fundargerðina.

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt.

Rannsóknáætlun fyrir Breiðafjörð

Róbert sagði frá vinnufundi sérfræðinga sem haldinn var að frumkvæði Breiðafjarðarnefndar í Stykkishólmi dagana 12. og 13. september sl. Hann mun leggja fram rannsóknáætlun fyrir Breiðafjörð þegar hún liggur fyrir, en hún er nú í vinnslu hjá þeim sérfræðingum sem sátu fundinn.

Róbert svaraði spurningum nefndarmanna.

Ekki hefur fengist svar frá umhverfisráðuneytinu um hvort styrkur fáiast vegna gisti- og fæðiskostnaðar og kostnaðar við rútuferðir, eins og sótt var um með bréfi, dags. 28. ágúst sl.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd mun kynna rannsóknáætlunina þegar hún liggur fyrir.

Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2007-2017

Róbert lagði fram fyrstu drög að forgangsröðun verkefna í verndaráætlun fyrir Breiðafjörð. Nefndarmenn ræddu drögin og komu með tillögur og athugasemdir. Í framhaldi af þeirri umræðu var rætt um að æskilegt væri að stofna til fundar með fulltrúum í ferðabjónustu við Breiðafjörð til að ræða stefnumótun í þeim málum.

Afgreiðsla: Ákveðið var að halda umræðu um forgangsröðun verkefna áfram á næsta fundi.

Bygging sumarhúss í Kiðey, Breiðafirði

Lagt var fram bréf Náttúrufræðistofnunar Íslands, dags. 24. ágúst 2007, þar sem fram koma upplýsingar um arnarvarp í grennd við Kiðey.

Breiðafjarðarnefnd óskaði með erindi til Umhverfisstofnunar dags., 18. júlí sl. eftir viðbótargögnum, sem ekki hafa borist. Breiðafjarðarnefnd hefur aflað ýmissa heimilda um að byggð hafi verið í eyjunni. Meðal annars kemur fram í Fasteignamati frá árinu 1942 að eyjan hafi verið leigð til ábúðar.

Róbert taldi að nefndin ætti að bíða með að svara erindinu þar til umbeðnar upplýsingar bærust frá landeiganda en meirihluti nefndarmanna vildi afgreiða erindið strax, enda lægju nú fyrir allar upplýsingar sem nefndin þarf til afgreiðslu erindisins. Frekari dráttur á svari frá hendi nefndarinnar væri því ekki málefnalegur og samræmdest ekki meginreglu stjórnslulaga um málshraða.

Afgreiðsla: Mælingamaður frá Breiðafjarðarnefnd fór í Kiðey til að mæla fjarlægðir frá arnarhreiddri að Kiðey og í ljós kom að eyjan er að öllu leyti utan við 500 metra radíus frá hreiðrinu, sbr. hnitsett gögn (grundvölluð á ISN 93).

Breiðafjarðarnefnd hefur ekki lagst gegn byggingu húsa í eyjum þar sem áður hefur verið byggð, sbr. vinnureglur Breiðafjarðarnefndar.

Við ákvörðun um leyfi til byggingar húss í Kiðey mælist Breiðafjarðarnefnd til að eftirfarandi sé haft til hliðsjónar:

- Að framkvæmdatími við mannvirkjagerð, ef af verður, verði utan varptíma arnarins, til að halda umferð í lágmarki á þeim tíma.
- Að landeiganda verði kynntar reglur um umgengni í námunda við arnarhreiður.
- Að fullt samráð verði haft við Fornleifavernd ríkisins um staðsetningu þannig að tryggt verði að menningarminjum verði ekki spillt.

Endurbætur á vatnsveitu í Flatey á Breiðafirði

Lagt var fram til kynningar afrit af bréfi frá Fornleifavernd ríkisins til byggingafultrúa Dala- og A-Barðastrandarsýslu, dags. 17. september 2007. Magnús sagði nánar frá fyrirhuguðum framkvæmdum.

Reglur um byggingar í eyjum á Breiðafirði

Róbert óskaði eftir að unnið verði yfirlit, til vinnuhagræðingar fyrir nefndina, yfir þær eyjar á Breiðafirði sem hafa verið í ábúð í gegnum tíðina.

Afgreiðsla: Ákveðið var að nefndarmenn afli upplýsinga fyrir næsta fund um mögulegar heimildir til að hægt sé að vinna yfirlit yfir eyjar á Breiðafirði sem hafa verið í ábúð.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar

Ritari lagði fram fjárhagsáætlun til áramóta. Rætt var um gerð fleiri kynningarbæklinga, og voru nefndir mögulegir bæklingar um fjörur, menningarminjar, búsetu og hlunnindi.

Afgreiðsla: Frekari umræðu um fjármál nefndarinnar var frestað til næsta fundar.

Skráning á sögu Breiðafjarðar

Formaður las upp áfangaskýrslu frá Sverri Jakobssyni.

Afgreiðsla: Nefndarmenn eru ánægðir með vinnu Sverris.

Önnur mál

Strandmenning Íslands

Lögð var fram og kynnt dagskrá ráðstefnu um strandmenningu Íslands, stöðu hennar og framtíð, sem haldin verður í Reykjavík 5. október 2007.

Afgreiðsla: Ákveðið var að Guðríður fari á ráðstefnuna fyrir hönd nefndarinnar.

Kynningar:

Guðríður sagði frá því að hún hafi sótt vinnufund Europarc sem haldinn var í Tékklandi og sagði m.a. frá starfi í vinnuhópnum „Coastal and marine protected areas“. Þar kom m.a. fram að stefnt er að því að stofna sjávarþjóðgarð í Svíþjóð árið 2009, Kosterhavet Marin National Park, en þá verða liðin 100 ár frá stofnun fyrstu þjóðgarðanna í Svíþjóð. Norðmenn eru einnig að vinna að stofnun sjávarþjóðgarðs sem er í beinu framhaldi af þeim sænska og er sá norski kenndur við Ytre Hvaler.

Guðríður kynnti nýútkomna skýrslu „Making the Connection Between Land and Sea“

þar sem m.a. er fjallað um strandsvæði og mörk þeirra og ýmiss konar starfsemi á ströndinni, en skýrslan er gefin er út af Europarc Atlantic Isles.

Loftmyndagrunnur

Magnús sagði frá því að hann teldi æskilegt að Breiðafjarðarnefnd hefði aðgang að loftmyndagrunni fyrir Breiðafjörð.

Afgreiðsla: Ákveðið var að óska eftir tilboði í grunninn hjá Loftmyndum ehf.

Skipsflök á Breiðafirði

Ásgeir Gunnar lagði fram lista sem hann hefur tekið saman yfir skipsflök í fjörum á sunnanverðum Breiðafirði.

Fundi slitið kl. 14:15.

Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 5. nóvember 2007.

83. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 5. nóvember 2007 í Stykkishólmi.

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Magnús A. Sigurðsson, Róbert A. Stefánsson, Sigurður Þórólfsson og Þórólfur Halldórsson.

Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður boðaði forföll.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Fundur settur kl. 11:00.

Dagskrá:

Fundargerð 82. fundar

Formaður las fundargerðina.

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt.

Rannsóknáætlun fyrir Breiðafjörð

Róbert kynnti efni rannsóknáætlunarinnar, sem er enn í vinnslu. Rannsóknáætlunin verður lögð fram þegar hún er tilbúin, sem hann vonast eftir að verði fyrir næsta fund.

Þá lagði hann fram til kynningar glærur Arnþórs Garðarssonar frá fyrirlestri sem hann hélt um lífríki Breiðafjarðar á vinnufundi um gerð rannsóknáætlunar.

Einnig var lögð fram til kynningar samantekt á veiddum afla úr Breiðafirði 1991-2006 og skýrslan “Þangsláttur og þaratekja í Breiðafirði árin 1995-2006 (landaður afli á Reykhólum)”. Fram kom athugasemd um að rannsóknáætlunin tæki ekki til allra sviða náttúruvísinda, m.a. eru rannsóknir á jarðvegi og gróðurfari í eyjum ekki með.

Róbert svaraði spurningum nefndarmanna og tók við athugasemdum þeirra.

Afgreiðsla: Málinu verður fylgt eftir af hálfu nefndarinnar þegar rannsóknáætlunin liggur fyrir. Umhverfisráðherra verður boðið á næsta fund nefndarinnar þar sem henni verður afhent rannsóknáætlunin náist að klára hana fyrir fundinn.

Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2007-2017

Náttúrustofa Vesturlands hefur um hríð unnið að gerð tillögu nýrrar verndaráætlunar í verkstöðu fyrir Breiðafjarðarnefnd. Á fundinum lagði Róbert fram endurskoðaða tillögu að forgangsröðun verkefna fyrir verndaráætlun eftir að hafa tekið tillit til athugasemda nefndarmanna frá síðasta fundi.

Magnús mun ljúka gerð tillagna við c-lið sem fjallar um menningarminjar.

Drögin voru rædd.

Þórólfur, Eiríkur, Sigurður og Ásgeir Gunnar lögðu til að b-liður um tilnefningu á Ramsar- og Heimsminjaskrá færðist aftar í forgangsröðun og yrði að lið d og að aðrir liðir færðust upp sem því nemur. Þeir töldu einnig að setja ætti fyrirvara í texta um tilnefningarnar á þann veg að þær „hindri ekki möguleika sveitarfélaga við Breiðafjörð til að byggja upp innviði sína, sérstaklega hvað varðar nútímaleg samgöngumannvirki.” Þá gerðu þeir einnig tillögu um að taka út texta um að í tilnefningu fælist viðurkenning á sérstöðu svæðisins og að hún styrkti vernd þess og var það samþykkt en Róbert var því mótfallinn.

Afgreiðsla: Breytingartillaga fulltrúa sveitarfélaga á orðalagi í forgangsröðun verkefna var samþykkt. Forgangsröðunin í heild var samþykkt að þeim breytingum gerðum.

Reglur um byggingar í eyjum á Breiðafirði

Rætt var um að gott væri að hafa lista yfir þær eyjar sem hafa verið í ábúð á einhverjum tímapunkti frá árinu 1703, og fram kom hugmynd um að fá háskólanema til að vinna slíkan lista og semja við Háskóla Íslands um það.

Róbert lagði til að með afgreiðslum mála um byggingar í eyjum sendi nefndin vinnureglur sínar um feril mála og sjónarmið við umsagnir um veitingu byggingarleyfa eða leyfa til mannvirkjagerðar á verndarsvæði Breiðafjarðar sem fylgiskjal.

Rætt var hvort hægt væri að setja reglur um útlit húsa á verndarsvæðinu, en fram kom að sá þáttur er á hendi sveitarfélaga. Þá var rætt að kynna sér hvernig þessum málum er háttað á verndarsvæðum á Norðurlöndum.

Afgreiðsla: Magnús mun kanna hjá Háskóla Íslands hvort mögulegt sé og þá hvernig best væri að setja upp nemendaverkefni um gerð heimildalista yfir búsetu í eyjum.

Ákveðið var að við afgreiðslu mála um byggingar í eyjum sendi nefndin vinnureglur sínar um feril mála og sjónarmið við umsagnir um veitingu byggingarleyfa eða leyfa til mannvirkjagerðar á verndarsvæði Breiðafjarðar sem fylgiskjal.

Ákveðið var að fela Guðríði að kanna hvernig reglum um byggingar á verndarsvæðum á hinum Norðurlöndunum sé háttað.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar

Ritari lagði fram fjárhagsáætlun til næstu áramóta. Rætt var um ráðstöfun þess fjármagns sem nefndin hefur til umræða í verkefni.

Ákveðið var að ræða við Sverri Jakobsson um áframhaldandi samstarf um skráningu á sögu Breiðafjarðar. Einnig var rætt um áframhaldandi samstarf við Háskóla Íslands og Guðrúnu Gísladóttur dósent um nemendaverkefni við örnefnaskráningar.

Rætt var um að setja í gang fleiri nemendaverkefni næsta sumar við örnefnaskráningar. Þá er hugsanlegt að skráning á búsetusögu í eyjum hafi einhvern kostnað í för með sér.

Afgreiðsla: Guðríði var falið að hafa samband við Guðrúnu Gísladóttur varðandi frekara samstarf um nemendaverkefni við örnefnaskráningar. Friðjón hefur samband við Sverri Jakobsson.

Kortagrunnur Loftmynda ehf. yfir Breiðafjörð

Ritari lagði fram tilboð í afnot af kortagrunni Loftmynda ehf. yfir svæðið í kringum Breiðafjörð.

Afgreiðsla: Ákveðið var að semja um tímabundinn aðgang að grunninum þegar aðili hefur verið fenginn til að sinna örnefnaskráningum.

Hús fyrir gistiþjónustu í Flatey

Lagt var fram erindi Umhverfisstofnunar, dags. 25. október 2007, þar sem óskað er eftir umsögn nefndarinnar um erindi Flateyjarferða ehf. Með erindi sínu óskar félagið eftir að fá að reisa gistiþjónustuhús í Flatey.

Erindið var rætt.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd tekur ekki afstöðu til þessarar einstöku framkvæmdar en telur mikilvægt að Reykhólahreppur láti vinna heildar skipulag fyrir Flatey.

Breiðafjörður og Ramsar-samningurinn

Lögð var fram til kynningar ræða umhverfisráðherra á Umhverfisþingi 12. október 2007. Í ræðunni kom m.a. fram að ráðherra hafi óskað eftir því að þrjú ný svæði verði

tekin inn á skrá Ramsar-samningsins um vernd votlendissvæða. Eitt þessara svæða er Breiðafjörður.

Strandmenning Íslands

Guðríður, fyrir hönd Breiðafjarðarnefndar, sótti ráðstefnu sem haldin var 5. október sl..

Afgreiðsla: Umræðu um ráðstefnuna var frestað til næsta fundar vegna fjarveru Guðríðar.

Breiðafjarðarfléttan – Klasasamstarf í ferðaþjónustu á Breiðafjarðarsvæðinu

Lagður var fram til kynningar tölvupóstur, dags. 6. október sl. frá Svanborgu Siggeirsdóttur, formanni stjórnar Breiðafjarðarfléttunnar, sem eru nýstofnuð samtök aðila í ferðaþjónustu við Breiðafjörð. Framkvæmdastjóri er Ingibjörg Þórhallsdóttir. Fulltrúum frá Breiðafjarðarnefnd hefur verið boðið að koma á fund stjórnarinnar sem haldinn verður í Búðardal föstudaginn 9. nóvember nk.

Afgreiðsla: Magnús og Sigurður munu sækja fundinn fyrir hönd nefndarinnar. Friðjón mun jafnvel líta inn á fundinn ef hann verður staddur í Búðardal.

Fundi slitið kl. 14:30.

Næsti fundur var ákveðinn 10. desember nk. í Umhverfisstofnun, Reykjavík.

84. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 10. desember 2007 í

Umhverfisstofnun, Reykjavík.

Mætt: Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Magnús A. Sigurðsson, Róbert A. Stefánsson, Sigurður Þórólfsson og Þórólfur Halldórsson.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Umhverfisstofnun var boðið að mæta á fundinn en hún gat ekki þegimagð boðið þar sem hún var erlendis.

Formaður setti fund kl. 11:00. Hann hóf fundinn á því að óska varaformanni til hamingju með gullmerki Ferðafélags Íslands, sem hún var sæmd þann 27. nóvember sl.

Dagskrá:

Sverrir Jakobsson sagnfræðingur og Guðrún Gísladóttir prófessor við Háskóla Íslands mættu kl. 11:00.

Skráning á sögu Breiðafjarðar

Lagður var fram samstarfssamningur milli Breiðafjarðarnefndar og Sverris Jakobssonar vegna vinnu við skráningar á sögu Breiðafjarðar á árinu 2008.

Sverrir sagði frá því að einn annar styrktaraðli hafi komið að verkefninu, auk þess sem hann er á rannsóknastyrk frá Háskóla Íslands. Hann segist því eins og er hafa ágætis svigrúm til að halda vinnunni áfram með öðrum störfum og segir verkið ganga eftir áætlun.

Afgreiðsla: Samstarfssamningurinn var undirritaður af formanni Breiðafjarðarnefndar og Sverri Jakobssyni.

Örnefnaskráningar á Breiðafirði

Guðrún lagði fram forgangsröðun næstu verkefna ásamt kostnaðaráætlun vegna vinnu við skráningar á örnefnum á Breiðafirði. Hún ræddi forgangsröðunina við nefndarmenn og svaraði spurningum.

Afgreiðsla: Afgreiðsla var frestað þar til síðar á fundinum.

Heimildir um búsetu í eyjum á Breiðafirði

Rætt var við Guðrúnu um hugsanlegt samstarf við Raunvísindadeild H.Í. vegna skráninga á heimildum um eignarhald og búsetu í eyjum á Breiðafirði. Guðrún sagði erfitt að átta sig á umfangi verkefnisins án þess að fá nánari upplýsingar um það.

Afgreiðsla: Ákveðið var að ræða og skilgreina nánar hvað nefndin vill að felist í verkefninu. Málið verður rætt nánar á næsta fundi.

Sverrir vék af fundi kl. 12:30.

Strandmenning Íslands

Guðríður sagði frá ráðstefnu sem haldin var 5. október sl. um strandmenningu Íslands og hún sótti fyrir hönd Breiðafjarðarnefndar. Magnús sat ráðstefnuna fyrir hönd Fornleifaverndar ríkisins. Hún taldi upp ýmis atriði sem henni þótti vanta inn í umræðuna á ráðstefnunni.

Guðrún vék af fundi kl. 12:35.

Örnefnaskráningar á Breiðafirði - framhald

Umræðu um forgangsröðun og kostnaðaráætlun vegna örnefnaskráninga á Breiðafirði var haldið áfram. Rætt var um að óska eftir fjárhagslegum styrk frá umhverfissráðuneytinu vegna verkefnisins þar sem nefndin er að leggja út í kostnað vegna löngu tímabærra leiðréttinga á kortum af Breiðafirði.

Afgreiðsla: Ákveðið var að óska eftir sundurliðun á þeim tölum sem fram koma í kostnaðaráætlun forgangsröðunarinnar. Breiðafjarðarnefnd mun óska eftir því að Raunvísindastofnun endurskoði kostnaðaráætlun á liðum nr. 1-3 með það til hliðsjónar að nefndin hefur samþykkt að ráðstafa 900 þús. kr. í verkefnið á þessu ári. Ákveðið var að óska eftir fundi með umhverfissráðherra og ræða um að ráðuneytið styrki verkefnið fjárhagslega. Þórolfur, Friðjón og Guðríður munu óska eftir fundi með ráðherra.

Fundargerð 83. fundar

Fundargerð 83. fundar var rædd.

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt með breytingum sem gerðar voru á fundinum.

Rannsóknáætlun fyrir Breiðafjörð

Róbert lagði fram drög að rannsóknáætlun fyrir Breiðafjörð.

Afgreiðsla: Nefndarmenn munu skoða drögin.

Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð

Erindi Grundarfjarðarbæjar, dags. 26. nóvember 2007 var rætt. Í erindinu var óskað eftir upplýsingum um hvenær til standi að kynna drög að verndaráætlun fyrir sveitarstjórnnum við Breiðafjörð.

Afgreiðsla: Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð er í vinnslu og verður send öllum sveitarfélögum við Breiðafjörð til umsagnar. Breiðafjarðarnefnd mun fara yfir athugasemdir og ábendingar sem kunna að berast áður en áætlunin verður send umhverfissráðherra til staðfestingar.

Breiðafjarðarfléttan – Klasasamstarf í ferðaþjónustu á Breiðafjarðarsvæðinu

Magnús og Sigurður sóttu fund stjórnar Breiðafjarðarfléttunnar fyrir hönd Breiðafjarðarnefndar. Fundurinn var haldinn í Búðardal 9. nóvember 2007. Þá sat Magnús fund samtakanna í Grundarfirði 8. desember sl.

Breiðafjarðarnefnd hefur verið boðið að gerast aðili að Breiðafjarðarfléttunni og ræddu nefndarmenn hvort það væri æskilegt. Magnús greindi frá því hvað felist í þátttöku í samstarfinu.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd telur rétt að styðja við bakið á Breiðafjarðarfléttunni. Nefndarmenn telja ekki rétt að gerast aðili að samstarfinu að svo stöddu en ákváðu að óska eftir heimild fyrir því að fulltrúi frá nefndinni sitji fundi Breiðafjarðarfléttunnar.

Reglur um byggingar á verndarsvæðum í nágrennalöndunum

Guðríður greindi frá því að hún hafi sent út fyrirspurn um hvernig reglum um byggingar á verndarsvæðum í nágrennalöndunum sé háttað. Hún hefur ekki fengið svar.

Afgreiðsla: Umræðu var frestað þar til svör hafa borist við fyrirspurn Guðríðar.

Fundi var slitið kl. 14:10.

Næsti fundur ákveðinn síðar.

Yfirlit yfir innsend og útsend erindi árið 2007

Innsend erindi 2007

3. janúar 2007. Umhverfissráðuneytið

Efni: Fækkun sjófugla á Breiðafirði

6. febrúar 2007. Straumey ehf.

Efni: Fyrirspurn vegna dreifingar á greinargerð

15. febrúar 2007. Stefán Hrafn Stefánsson, hdl.

Efni: Skáley á Breiðafirði, Dalabyggð

9. mars 2007. Umhverfisstofnun

Efni: Bygging húss í Skáley á Breiðafirði

15. mars 2007. Grundarfjarðarbær

Efni: Fyrirspurn um tillögu að verndarsvæði Breiðafjarðar

19. mars 2007. Fiskistofa

Efni: Kræklingarækt í Breiðafirði (tölvupóstur)

19. mars 2007. Símon Sturluson

Efni: Kræklingarækt í Breiðafirði (tölvupóstur)

26. mars 2007. Húsafriðunarnefnd ríkisins

Efni: Vertshús, Flatey. Bakhús

2. apríl 2007. Axel Helgason. Afrit af bréfi til Byggingafulltrúa Dalabyggðar

Efni: Vindmylla til raforkuframleiðslu í Efri-Langey

10. apríl 2007. Umhverfisstofnun

Efni: Vindmylla í Langey

4. maí 2007. Umhverfisstofnun

Efni: Framkvæmdir við Vertshús í Flatey (tölvupóstur)

5. júlí 2007. Umhverfisstofnun, afrit af bréfi til Stefáns Hrafns Stefánssonar, hdl.

Efni: Bygging frístundahúss í Skáley

6. júlí 2007. Umhverfisstofnun

Efni: Bygging sumarhúss í Kiðey, Breiðafirði

10. ágúst 2007. Umhverfissráðuneytið

Efni: Kæra vegna ákvörðunar Umhverfisstofnunar um synjun á leyfi til aðbyggja hús í Skáley á Breiðafirði

21. ágúst 2007. Úlfar B. Thoroddsen, verkefnisstjóri Northern Coastal Experience
Efni: Útgáfa skýrslu um örnefni í sjó á Breiðafirði

24. ágúst 2007. Náttúrufræðistofnun Íslands
Efni: Arnarvarp í grennd við Kiðey

17. september 2007. Fornleifavernd ríkisins
Efni: Endurbætur á vatnsveitu í Flatey á Breiðafirði

23. september 2007. Sverrir Jakobsson, sagnfræðingur
Efni: Saga Breiðafjarðar – áfangaskýrsla

25. október 2007. Umhverfisstofnun
Efni: Hús fyrir gistiþjónustu í Flatey

26. nóvember 2007. Grundarfjarðarbær
Efni: Fyrirspurn um fyrirhugaða verndaráætlun.

Útsend erindi 2007

22. janúar 2007. Umhverfisráðuneytið

Efni: Þóknun nefndarmanna fyrir nefndarsetu árið 2006

23. janúar 2007. Menntamálaráðuneytið

Efni: Vernd menningarsögulegra minja á verndarsvæði Breiðafjarðar

23. janúar 2007. Náttúrustofa Vesturlands, Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrustofa Vestfjarða

Efni: Gerð áætlunar um æskilegar rannsóknir á náttúru Breiðafjarðar

21. febrúar 2007. Straumey ehf.

Efni: Dreifing á greinargerð Straumeyjar ehf.

21. febrúar 2007. Landmótun

Efni: Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016

21. febrúar 2007. Stefán Hrafn Stefánsson, hdl.

Efni: Skáley á Breiðafirði, Dalabyggð

21. mars 2007. Umhverfisstofnun

Efni: Bygging húss í Skáley á Breiðafirði

21. mars 2007. Reykhólahreppur

Efni: Gamla þorpið í Flatey – Leyfisveitingar

21. mars 2007. Fiskistofa

Efni: Áætlun um kræklingarækt í Breiðafirði

21. mars 2007. Breið ehf.

Efni: Umsókn um rekstrarleyfi til skelræktar.

17. apríl 2007. Umhverfisstofnun.

Efni: Vindmylla í Langey.

20. apríl 2007. Grundarfjarðarbær, bæjarstjóri.

Efni: Verndarsvæði Breiðafjarðar (tölvupóstur)

8. maí 2007. Umhverfisstofnun.

Efni: Framkvæmdir við Vertshús í Flatey

18. júlí 2007. Náttúrufræðistofnun Íslands

Efni: Arnarvarp í nágrenni Kiðeyjar á Hvammsfirði, Breiðafirði

18. júlí 2007. Umhverfisstofnun

Efni: Bygging húss í Kiðey á Hvammsfirði, Breiðafirði

24. ágúst 2007. Minjasafnið að Hnjóti

Efni: Yfirlýsing um stuðning Minjasafnsins að Hnjóti og Norce-verkefnisins við skráningu örnefna á sjó á Breiðafirði

27. ágúst 2007. Umhverfisráðuneytið

Efni: Kæra vegna ákvörðunar Umhverfisstofnunar um að synja umsókn um leyfi fyrir byggingu húss í Skáley á Breiðafirði.

28. ágúst 2007. Umhverfisráðuneytið

Efni: Styrkumsókn vegna vinnufundar við gerð rannsóknáætlunar Fyrir Breiðafjörð

3. október 2007. Umhverfisstofnun

Efni: Bygging sumarhúss í Kiðey á Breiðafirði

7. nóvember 2007. Umhverfisstofnun.

Efni: Hús fyrir gistiþjónustu í Flatey

12. desember 2007. Grundarfjarðarbær

Efni: Fyrirspurn um fyrirhugaða verndaráætlun